

REGLUGERÐ**um lokunartíma sölubúða í Kópavogi.****1. gr.**

Óeimilt er að stunda kvöld- og nætursölu í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar. Kvöldsala telst á tímabilinu frá kl. 19.00—24.00 og nætursala frá kl. 24.00—8.00 að morgni.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að krefjast sérstaks gjalds, veiti hún leyfi til kvöld- eða nætursölu. Gjald þetta er ákveðið árlega af stjórnarráðinu eftir tillögu bæjarstjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. maí 1968.

Nr. 265.

AUGLÝSING**um umferð í Blönduóskaupþúni.**

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Blönduóskaupþúni:

1. Eftirfarandi götur hafa aðalbrautarrétt: Þingbraut, Aðalgata, Blöndubýggð, Norðurbraut og Húnabraut. Hafa verið sett biðskyldumerki við öll vegamót við þessar götur nema vegamótin: Brekkugata—Þingbraut, Brekkugata—Aðalgata, og Túngata—Blöndubýggð, þar eru stöðvunarskyldumerki.
2. Stöðvun bifreiða og biðstöður eru bannaðar beggja vegna Aðalgötu á mótis við verzlunarhús Verzlunarfélags Austur-Húnavetninga.
3. Bilastöður eru bannaðar á suðaustur helmingi Aðalgötu gegnt Hótel Blönduós.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Húnavatnssýslu, 26. maí 1968.

Jón Ísberg.